

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Eftirfarandi viðbót verður við viðauka 1 við reglugerðina (undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
Natrii fluoridum	Lausn til munnskólunar mest 0,5 mg/ml (=0,23 mg flúor/ml)	FLÚOR, lausn til munnskólunar 0,5 mg/ml	Til varnar tannskemmdum. Notkun: Tvær teskeiðar (10 ml) til munnskólunar aðeins einu sinni daglega, helst að kvöldi eftir rækilega tannburstun. Velkja skal lausninni um tennur í 1–2 mínútur og spýta síðan. Hvorki má borða né drekka í ½ klst. eftir skolonina. Lausnina má nota jafnframt flúortannkremin. Varúð: Má ekki kyngja. Aðeins handa börnum eldri en 6 ára. Við ofskömmtnun: Drekkið mjólk og kallið í lækni.
Lyf í afmældum skömmtnun. Einstakur skammtur mest 0,55 mg (=0,25 mg flúor)	FLÚOR, töflur 0,55 mg		Til varnar tannskemmdum. Hámarksdagsskammtur: Börn 0–3 ára: 1 tafla. Börn 3–6 ára: 2 töflur. Börn 6–12 ára: 3 töflur. Mælt er með því að tyggja eða sjúga töflurnar. Töflurnar má nota jafnfamt flúortannkremin. Lyfið er ekki ætlað fullorðnum. Við ofskömmtnun: Drekkið mjólk og kallið í lækni.
	FLÚORTABS, munnsogs-/tuggu-töflur 0,55 mg		Til varnar tannskemmdum. Hámarksdagsskammtur: Börn 0–3 ára: 1 tafla. Börn 3–6 ára: 2 töflur. Börn 6–12 ára: 3 töflur. Töflurnar á að tyggja eða sjúga. Töflurnar má nota jafnframt flúortannkremin. Lyfið er ekki ætlað fullorðnum. Við ofskömmtnun: Drekkið mjólk og kallið í lækni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, tekur gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. október 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

5. nóvember 1987

Nr. 490

AUGLÝSING

um umferð í Neskaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Neskaupstaðar, er hér með sett eftirgreind regla um umferð í Neskaupstað: Gangbraut er á Nesgötu við húsið nr. 13.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað, 5. nóvember 1987.

Þorsteinn Skúlason.